

LÖG

um breyting á lögum nr. 14/1998, um Örnefnastofnun Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Örnefnastofnunar Íslands til fimm ára í senn. Forstöðumaður skal hafa háskólapróf og fræðilega reynslu á vísindasviði er tengist örnefnafræðum. Forstöðumaður markar stefnu stofnunarinnar, annast daglegan rekstur hennar og er í fyrirvari fyrir hana út á við. Hann ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Jafnframt annast forstöðumaður ráðningu annarra starfsmanna. Menntamálaráðherra setur forstöðumanni erindisbréf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Tómas I. Olrich.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „89/48/EBE, 92/51/EBE“ í 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. lög nr. 49/2001, kemur: 89/48/EBE, með áorðnum breytingum, sbr. tilskipun 2001/19/EB, 92/51/EBE, með áorðnum breytingum, sbr. tilskipun 2001/19/EB.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Tómas I. Olrich.